

085/00 - M.b. Brynjólfur ÁR-3 - M.b. Haförn VE-21

Brynjólfur ÁR-3 siglir á Haförn VE-21 við bryggju í Vestmannaeyjum

M.b. Brynjólfur ÁR-3

Skipaskr.nr.: 0093

Smíðaður: í Noregi 1962 úr stáli

Stærð: 199,37 brl; 307,00 bt

Lengd: 38,80 m **Breidd:** 7,04 m **Dýpt:** 5,95 m

Vél: Caterpillar 478,00 kW **Ágerð:** 1978

Annað:

Földi skipverja: 11



Brynjólfur ©Kristján Kristjánsson



Haförn ©Tryggvi Sigurðsson

M.b. Haförn VE-21

Skipaskr.nr.: 0892

Smíðaður: á Ísafirði úr eik

Stærð: 59,61 brl; 60,00 bt

Lengd: 24,25 m **Breidd:** 5,40 m **Dýpt:** 2,37 m

Vél: Caterpillar 283,00 kW **Ágerð:** 1972

Annað:

Fjöldi skipverja:

Atvikalýsing

Hinn 1. júní 2000 var m.b. Brynjólfur ÁR-3 við bryggju í Vestmannaeyjum. Veður: logn.

Skipið hafði komið til hafnar um kl. 13:30 til löndunar. Þegar lokið var við að landa úr skipinu þurfti að færa það á milli bryggja. Var skipinu bakkað frá bryggjunni og síðan átti að sigla áfram. Þegar átti að skipta vélinni yfir í það að knýja skipið áfram brotnaði stöng í skynjara í skiptibúnaði með þeim afleiðingum að ekki var hægt að breyta stigningu skrúfunnar eins og þurfti. Leiddi það til þess að skutur skipsins lenti á m.b. Haferni VE-21 sem var við bryggju. Einhverjar skemmdir urðu á m.b. Haferni VE-21 en engar á m.b. Brynjólfri ÁR-3.

Tókst að koma skipinu, m.b. Brynjólfri ÁR-3, að bryggju aftur án frekari vandræða.

Við rannsókn kom fram

- að samkvæmt frásögn vélstjórans brotnaði armur á milli gaffals er stýrir stigningu skrúfunnar og viðnáms er gefur upplýsingar á stjórnpall um stigningu skrúfu á hverjum tíma. Féll armurinn niður og hindraði stjórnun á stigningu skrúfunnar;
- að ekki voru upplýsingar um borð um að samskonar bilunar hafi orðið vart áður;
- að 5 dögum eftir áreksturinn átti skipið að fara í róður og hafði þá verið skipt um móttstöðu og arm. Þegar út úr höfninni var komið kom í ljós að ekki var hægt að stilla á fullan skrúfuskurð og var skipinu sight aftur til hafnar. Þá kom í ljós að armur við móttstöðuna var of stuttur og var bætt úr því og eftir það virtist allt vera í lagi.

Nefndarálit

Ástæða óhappsins er bilun í stjórnþúnaði.